

Ársskýrsla 2012.

Við Framhaldsskólann á Húsavík er formleg útskrift einu sinn á ári. Vorið 2012 útskrifaðist óvenju stór hópur eða 40 nemendur. Þá voru að útskrifast 16 konur af ýmsum brautum brúarnáms; félagsliðabraut, námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum og námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum og sjúkraliðabraut. Til gamans má geta að mæðgin útskrifuðust saman þennan dag móðirin frá VMA og sonurinn frá FSH og tóku bæði við skírteinum sínum í Húsavíkirkirkju þar sem brautskráningar FSH fara fram.

Nemendur

Fjöldi nemenda í FSH árið 2012 var 292 langflestir í dagskóla á aldrinum 16-20 ára. Mikill meirihluti nemenda við FSH eru úr Norðurþingi. En árið 2012 voru konur í brúarnáminu einnig frá Akureyri, Raufarhöfn, Kópaskeri og Austfjörðum.

Á vorönn 2012 var elsti nemandinn kona fædd árið 1948. Flestir nemendur voru fæddir 1992-1995.

Kvk=73 og kk=51. Konur/stúlkur voru mun fleiri sem helgast af því að nokkuð stór hópur fullorðinna kvenna var í námi á vorönn 2012.

Á haustönn 2012 var elsti nemandinn kona fædd 1948 og yngstu nemendurnir fæddir 1997 ein stúlka og einn drengur en þau voru í dönsku og ensku við Framhaldsskólann. Flestir nemendurnir voru fæddir 1994 eða 32. Kvk=77, kk=58.

Brottfall á vorönn 2012 var 6,95 og á haustönn 2012 7,44.

Nám

Miðað við stærð skólans er námsframboð nokkuð gott enda mikil áhersla verið lögð á það síðustu árin, í miklum niðurskurði við stofnunin, að skerða ekki námsframboðið. Tvær stúdentsbrautir eru við skólann, félagsfræði- og náttúrufræðibraut, einnig almenn braut, starfsnámsbrautir og brúarnám þ.e. félagsliðabraut, skólaliðabraut, sjúkraliðabraut, námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum og námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum. Einnig starfsbraut fyrir fatlaða nemendur. Á starfsbraut voru 4 á vorönn 2012 og 6 á haustönn 2012. Á félagsfræðibraut eru yfirleitt heldur fleiri nemendur en á náttúrufræðibraut, við síðustu brautskráningu voru 14 af félagsfræðibraut á móti 8 á náttúrufræðibraut og tveir með svokallað viðbótarnám til stúdentsprófs.

Innleiðing almenna hluta skólanámskrár hefur gengið vel sjá www.fsh.is en þó vantar þar inn móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og er verið að vinna í því. Mikill hugur er í kennurum að koma af stað Framhaldsbraut sem búið er að þróa og leggja mikla vinnu í en ekki hefur fengist fjármagn til þess. Við nýir stjórnendur við skólann erum að skoða hvernig við getum snúið okkur í því máli.

Vinna við að þróa stóran áfanga 10fein LMV (listir, menning og vísindi) hafði legið í dvala en hófst aftur seinni part árs 2012. Stefnt er að því að byrja að kenna hann næsta haust á öllum brautum. Í áfanganum er lista- og hönnunarsagan rakin samhliða tímalínu mannkynssögunnar. Aðrar námsgreinar eru tengdar við tímalínuna eftir því sem við á í þeim tilgangi að nemendur fái yfirsýn yfir hvernig list og hönnun hefur þróast í samhengi við þróun vísinda. Tímalínan byrjar um steinöld þar sem skoðuð eru þau verkfæri sem þróuðust í veiðisamfélaginu. Tímalínunni er svo fylgt í gegnum aldirnar og staldrað við uppgötvanir og þekkingu sem hafa haft áhrif á lífsstíl og heimsmynd nútímafólks. Leitast er við að nemendur fái á þessari ferð sinni um mannkynssöguna nýja sýn á námsgreinar eins og heimsspeki, sálfræði, raungreinar og tungumál og uppgötvi hvernig þessar greinar tengjast innbyrðis og hafa áhrif á listir og hönnun. Nemendur takast reglulega á við verkefni tengd efninu þar sem bæði er hugað að sögunni, nútímanum og möguleikum framtíðarinnar.

Kennsla og stjórnun

Vegna mikils niðurskurðar við FSH eins og víðast annars staðar var enginn aðstoðarskólameistari á árinu 2012. Stöður áfangastjóra (50%) og aðstoðarskólameistara (50%) sameinaðar í eina (50%) í janúar 2013. Skólameistari var í 100% starfi, áfangastjóri í 50% og fjármálastjóri í 50%. Ritari (skólafulltrúi) 55% staða, bókasafnsfræðingur 60% staða, kerfisstjóri 40% staða, námsráðgjafi 30% staða. Húsvarsla og ræstingar er búið að sameina í eina 100% stöðu sem er mjög erfitt í stóru húsnæði og spurning hversu lengi það gengur.

Allir fastráðnir kennarar við skólann sem eru í fullri kennslu eru með öll áskilin réttindi til kennslu í framhaldsskóla. Á árinu 2012 voru einungis þrír kennarar sem komu til kennslu við skólann sem ekki höfðu kennsluréttindi. En það voru kerfisstjórinn sem kenndi einn stærðfræðiáfanga, arkitekt sem kenndi grunnteikningu og hugur og hönnun og kennari sem kom inn á haustönn og leysti af og kenndi tvo áfanga í íslensku.

Á vorönn 2012 var fjöldi kennara 14 og aðrir starfsmenn 7. Meðalaldur starfsmanna var á vorönn 2012 48,2. Á haustönn 2012 var fjöldi kennara heldur meiri eða 17. En þess ber að geta að undirrituð tók við starfi skólameistara í október 2012 og við íslensku kennslunni tóku þrjár konur. Á haustönninni var meðalaldur starfsmanna heldur lægri vegna þess að fjórar ungar konur komu til starf og fullorðinn kennari var í námsorlofi og mun yngri maður kom inn fyrir hann. Meðalaldur starfsmanna á haustönn 2012 var því 43,2.

Kennslustundir eru 60 mínútur í FSH. Kennsluhættir hefðbundnir þ.e. fyrirlestrar kennara og nemenda, ritgerðir, hóp-og einstaklingsverkefni. Vægi prófa verður alltaf minna og meira um símat í langflestum áföngum. Nokkrir áfangar eru próflausir.

Mat: nýr skólasamningur var gerður í desember. En í honum eru mun færri markmið en í þeim fyrri, raunhæfari og mælanlegri. Markmiðin eru eftirfarandi:

KENNSLA

Í Framhaldsskólanum á Húsavík er kennsla:

Fjölbreytt, þar sem leitast er við að haga kennslu þannig að kennsluhættir geri öllum nemendum kleift að tileinka sér þekkingu og öðlast þá hæfni og leikni sem stefnt er að hverju sinni.

1. Efla endurmenntun kennara í þeim tilgangi að auka færni þeirri í að beita fjölbreyttari kennsluaðferðum.

- a) Að minnsta kosti 50% kennara skólans noti þau tækifæri sem bjóðast til vettvangsnáms í fjölbreyttum kennsluaðferðum á samningstímanum.
- b) Kennarar skólans noti þau tækifæri sem bjóðast til að sinna endurmenntun er lýtur að fjölbreyttum kennsluaðferðum. Starfsdagar á haust- og vorönn á samningstímanum verði markvisst nýttir til endurmenntunar kennara.
- c) Skólinn geri þarfagreiningu á vorönn 2013 þar sem lagt verði mat á þarfir kennara fyrir skilgreinda sí-og endurmenntun og/eða þjálfun í starfi.
- d) Kennarar fái aukna þjálfun í beitingu kennsluaðferða fjarnáms m.a. með framhaldsnámskeiði í notkun á Kennsluvefnum.is. á haustönn 2013.

Einstaklingsmiðuð, þar sem leitast er við að mæta mismunandi forsendum nemenda þannig að hver og einn fái sem best notið hæfileika sinna.

2. Bjóða nemendum hægferðir og hraðferðir í námi frá skólaárinu 2013-2014.

3. Nýta styrkleika fámennra námshópa til að efla stuðning við hvern og einn nemanda.

- a) umsjónarkennarar og stjórnendur skólans vinna saman að því að fylgjast með námsframvindu hvers nemenda á samningstímanum og grípa inn í ef ástæða þykir til. Með því að kalla nemendur til viðtals og hafa samband við forráðamenn ólögráða nemenda.

Áhugavekjandi, þar sem lögð er áhersla á að virkja nemendur til þátttöku og nýsköpunar á sem flestum sviðum.

4. Innleiða fjölbreyttari kennsluhætti og hvetja kennara til að prófa nýjar leiðir í kennslu.

- a) Stefnt er að því að hefja kennslu í nýjum áfanga, listum, menningu og vísindum (LMV) þar sem lögð er áhersla á aðferðafræði nýsköpunar í námi og kennslu skólaárið 2013 – 2014.
- b) Stefnt er að því að kennarar skólans fái námskeið í fjölbreyttum kennsluaðferðum á vorönn 2013.

Hvetjandi og uppbyggjandi, þar sem áhersla er lögð á að nemandinn öðlist trú á eigin getu og hæfileika og kennari vænti ætíð árangurs.

5. Kennarar leggi áherslu á að nota leiðsagnarmat, til að bæta kennsluaðferðir, námsmat og árangur nemenda með það að markmiði að hver og einn nemandi nái betri árangri í námi sínu.

a) Að > 50% kennara noti leiðsagnarmat í starfi sínu með nemendum vorið 2014.

Skipuleg og markviss, þar sem nemendur fá skýr skilaboð um þær væntingar og kröfur sem gerðar eru til þeirra varðandi ástundun, vinnubrögð og árangur.

6. Kennarar orði með skýrum hætti í námsáætlun þær væntingar sem gerðar eru til nemenda um árangur.

a) Allir kennarar skólans leggi fram námsáætlanir skv. samræmdu viðmiði um framsetningu á námsáætlunum nemenda (kennsluáætlunum) haustið 2014.

7. Upplýsingar um þá þekkingu, leikni og hæfni sem nemendur eiga að búa yfir við námslok séu skýrar og þeim komið á framfæri við nemendur með markvissum hætti.

a) Allir kennarar skólans fari vandlega yfir námsáætlanir með nemendum á samningstímanum og leggi sérstaka áherslu á að útskýra þau markmið sem nemendum er ætlað að ná.

b) Allir kennarar skólans skoði mánaðarlega á samningstímanum með nemendum hvernig starfinu miðar með hliðsjón af námsáætlun.

c) Nemendur fá markvissa leiðsögn og hvatningu frá kennurum. >80% nemenda telja að kennari vænti árangurs skv. kennslukönnun á haustönn 2013.

8. Kennarar skólans ígrundi árangur af starfi sínu með markvissum hætti með það að markmiði að ná enn betri árangri með nemendum.

a) Allir kennarar skólans ígrundi með markvissum hætti eigin árangur í ljósi árangurs nemenda, með hliðsjón af þeim námsmarkmiðum sem sett voru fram í viðkomandi áfanga. Niðurstöðum er skilað í áfangaskýrslu kennara í lok hvers skólaárs. Skýrslur kennara eru teknar saman og gerðar aðgengilegar á sameiginlegu drifi á kennsluvefnum. Verður virkjað á samningstímanum.

b) Kennarar skólans fái kynningu/námskeið á samningstímanum í að þróa með sér færni í að beita aðferðafræði starfendarannsóknna í starfi sínu.

Fjármál

Rekstur var í góðu samræmi við innsenda rekstraráætlun en útkoman ögn betri en gert var ráð fyrir. Enda mikið aðhald búið að vera á öllum sviðum að komið var að sársaukamörkum

sem hafði neikvæð áhrif á andrúmsloft stofnunarinnar. Laun eru langstærsti rekstrarliðurinn og 2012 var hann rúm 80% af rekstrargjöldum.

Samstarf

Samstarf var (og er) við Framhaldsskólann á Laugum og Þekkingarnet Þingeyinga við undirbúning á starfsnámi í ferðaþjónustu. Á vorönn 2012 var FSH í samstarf við Menntaskólann á Egilsstöðum um brúarnám félagsliða, stuðningsfulltrúa í grunnskólum, leikskólalið og sjúkraliða.